

## **Sölu og greiðsluskilmálar**

Viðskiptaskilmálar þessir eiga við tilboð og pantanir sem gerðar eru hjá

### **Pro Railing Island ehf**

**kt: 561121-1170**

Höfðabakka 9b 110 RVK (bt.Skattur og bókhald)

Sími: 8359100

[www.pro-railing.is](http://www.pro-railing.is)

Tölvupóstur: [magnus@pro-railing.is](mailto:magnus@pro-railing.is)

## **Tilboð og pantanir**

Tilboðsbeiðnir og pantanir og staðfestingar skulu berast Pro Railing Ísland skriflega í tölvupósti, frá samskiptamiðlum eða úr reiknivél á vefsíðum okkar.

Munnlegar pantanir og upplýsingar í gegnum síma eru ekki teknar sem gildar pantanir.

Kostnaður vegna breytinga eða mistaka sem geta orðið þegar upplýsingum er miðlað órekjanlegum eða munnlega eru á ábyrgð viðskiptavinar.

Almennt gilda tilboð í 30 daga frá dagsetningu tilboðsins. Ef mismunur verður á pöntuðu magni og magni í tilboði gildir einingaverð tilboðs.

## **Pantanir**

Kaupandi ber ábyrgð á því að öll tilskilin leyfi séu til staðar og ber straum af þeim kostnaði.

Allar vörur okkar eru sérframleiddar eftir máli viðskiptavinar.

Mikilvægt er að viðskiptavinur yfirfari öll mál, festingar, liti og annað efni á pöntunarstaðfestingu þegar hún er send frá Pro Railing Island.

Með greiðslu á pöntunarstaðfestingu, þ.e. 50% af tilboðsverði hefur viðskiptavinur staðfest að upplýsingar á pöntuninni sé réttar og í samræmi við mál og óskir hans.

Uppgötvi viðskiptavinur að mistök hafi verið gerð eftir greiðslu pöntunarstaðfestingar er mikilvægt að hafa samband strax eða innan 2 daga frá pöntun og sjá hvort mögulega sé hægt að breyta pöntuninni án aukakostnaðar. Gler sem þegar hefur verið skorið eftir máli viðskiptavinar er ekki hægt að breyta.

## Skilaréttur

Einstaklingur (neytandi), hefur 14 daga skilarétt við kaup á vörum á netinu, samkv. lögum. Skilaréttur nær þó einungis yfir venjulegar lagervörur ss. glerfestingar og lagervörur sem ekki eru framleiddar eða tilsniðnar eftir máli viðskiptavinar.

Við skil skal kaupandi sjálfur standa straum af kostnaði við að skil á vörunni og við að koma henni til okkar. Einungis er hægt að skila vöru í óopnuðum umbúðum og mun Pro Railing Ísland meta vörunna og hvort hún uppfylli skilyrðu okkar um skilarétt hverju sinni.

Öll handrið, svalalokanir, prófílar og gler sem sérframleidd eru eftir máli viðskiptavinar er ekki hægt að skila eða afturkalla pöntun eftir að pöntunarstaðfesting er greidd.

Sé staðfest pöntun afpöntuð vegna óviðráðanlegra ástæðna, áskilur Pro Railing Ísland ehf sér rétt að halda greiddu staðfestingargjaldi fyrir útlögðum kostnaði og efni sem hefur verið sérframleitt eftir máli viðskiptavinar.

## Greiðslur

Öll verð á vefsíðu okkar og í reiknivél eru í ISK (íslenskum krónum) með virðisaukaskatti.

Í öllum tilfellum eru tilboðsverð með heimsendingarkostnaði á höfuðborgarsvæðinu, en ef heimilisfang er á landsbyggðinni bætist við auka sendingarkostnaður eftir verðskrá Flytjanda

Við pöntun sendir Pro Railing Ísland greiðslukröfu í heimabanka greiðandans og eftir móttöku greiðslu er pöntunin sett í framleiðslu.

Eftirstöðvar greiðslu eru sendar í heimabanka greiðanda samhliða afhendingu þannig að varan er afhent samhliða lokagreiðslu.

Seldar vörur eru eign Pro Railing Ísland ehf þar til fullnaðargreiðsla hefur borist.

## Afhending

Þegar pöntunin hefur verið afhent á heimilisfangið, ber að skoðaði hana vandlega til að athuga hvort finnast skemmdir eða gallar. Berðu pöntunina saman við pöntunarstaðfestinguna og athugaðu hvort allt er með eins og það á að vera og að varan sé í lagi og rétt afgreidd í samræmi við pöntun.

Kaupandi/viðskiptavinur ber ábyrgð á gleri eftir að hafa fengið það afhent með flutningabílum á vegum Pro Railing Ísland. Ef svo ólíklega vill til að þú finnur mistök eða galla í pöntuninni skaltu bera upp kvörtun innan 7 daga frá afhendingu. Myndir af mistökum/göllum eða skemmdum skal taka fyrir uppsetningu og þar sem gler stendur óhreyft á þeim flutningsrekka sem það kom á, annars ógildist ábyrgðin. Engin brotaábyrgð er

á gleri eftir afhendingu sé gler og annað efni hreyft eða fjarlæggt af flutningsrekkum sem það kom á. Sé vara gölluð og gallinn sé sannarlega á ábyrgð Pro railing Ísland bætir Pro railing Ísland vöruna með nýrri samskonar vöru.

Pro railing Ísland ber ekki ábyrgð á vinnu þriðja aðila þó svo Pro railing Ísland hafi bent á þá aðila sem mögulega geta tekið að sér ísetningu eða uppsetningu.

### **Afgreiðslufrestur**

Afgreiðslufrestur er háður verkefnastöðu hverju sinni og miðast ávallt við staðfestingu pöntunar, þ.e. þegar pöntunarstaðfesting hefur verið greidd. Athugið að afhendingardagur pantana er alltaf áætlun en ekki loforð.

Verði tafir á afhendingu sökum óviðráðanlegra ástæðna,ss efnisskorts, framleiðslutafa eða verkefnastöðu er Pro railing Ísland ekki bótaskyld ef afhendingartími reynist lengri en áætlaður afhendingartími. Kostnaður sem mögulega hlýst af töfum á afhendingu er aldrei á ábyrgð söluaðila og er því ekki bættur.

### **Kröfur um öryggi**

Val glergerða, glerþykkt, festinga og útfærslur varðandi pöntunina á ábyrgð viðskiptavinar.

Pro Railing Ísland ábyrgist að byggingargler, festingar og aðrar öryggisvörur séu í samræmi við byggarreglugerðir, staðla og vottaðar í samræmi við gildandi kröfur.

Öll glerhandrið frá Pro Railing Ísland eru prófuð og vottuð í samræmi við gildandi staðla og reglugerðir.

Viðskiptavinum er bent á að hægt er að láta burðarþolsreikna glerþykktir, festingar og útfærslur t.d. vegna handriða o.fl í hvert verkefni fyrir sig, gegn gjaldi sé þess óskað.

### **Gæðastaðlar**

Allt gler frá Pro Railing Ísland er CE-merkt og framleitt í samræmi við gildandi staðla.

Samlímt öryggisgler í samræmi við EN 12600:2002 skilgreining á göllum skv. EN 572.

### **Ábyrgðarskilmálar almennt**

Ábyrgðarskilmálar gilda fyrir hert gler og hert samlímt öryggisgler sem afgreitt er frá verksmiðju. Ábyrgð á gleri og öðrum vörum er samkvæmt almennum lögum um lausafjárkaup nr. 50/2000 þó getur kaupandi að hámarki krafist bóta sem nemur verði keyptu vörunnar.

## **Skilmálar svalalokanir**

Svalalokanir okkar eru seldar með 5 ára verkskmiðjuábyrgð og 2 ára ábyrgð á uppsetningu. Ábyrgð á uppsetningu gildir einungis ef varan er uppsett á vegum Pro railing Ísland.

Komi upp bilun er mikilvægt að hafa samband strax svo hægt sé að meta orsök bilunnar og þjónusta kerfið svo það virki sem skildi. Ekki er tekin ábyrgð á vörunni sem rekja má til bilununar vegna rangrar meðferðar, ónógs viðhalds eða rangrar umgengni um vöruna.

Svalalokanir eru ekki 100% loft eða vatnspéttar, heldur er talað um skjól fyrir veðri og vindum. Samkvæmt byggingarreglugerð skulu svalalokanir hafa öndun, þeas að loftskipti verða að eiga sér stað á svölunum og því er möguleiki á örlitlum vatnsleka í verstu veðrum og telst það eðlilegt. Engin ábyrgð er tekin á plastþéttilistum milli glerja á svalaskjólum.

Pro Railing Ísland ber ekki ábyrgð á skaða af völdum seldra vara, þmt:

-Á fólki, fasteignum eða munum meðan varan er í vörslu kaupanda

-Kostnaði við verkpalla, krana eða annars kostnaðar við við byggingarvinnu eða annarrar vinnu við að taka í sundur eða breyta byggingarhlutum.

Pro railing Ísland ber ekki ábyrgð á vinnu þriðja aðila þó svo Pro railing Ísland hafi bent á aðila sem geta tekið að sér ísetningu eða uppsetningu.

Pro Railing Ísland er á engan hátt ábyrgt fyrir glötuðum hagnaði eða öðru fjárhagslegu tapi.

## **Eigin uppsetning**

Það er hægt að setja upp vörunar frá Pro Railing Ísland á nokkra mismunandi vegu. Nokkra mismunandi þætti þarf að skoða þegar kemur að því að meta hvort uppsetning sé rétt, þ.mt hvers konar undirlag og festingarmöguleikar er um að ræða. Í öllum tilfellum er það á ábyrgð viðskiptavinar að festa sé nægjanleg og burðarþol undirlags sé hannað til að bera og þola álag frá vörunni.

Því eru uppsetningarleiðbeiningar okkar aðeins leiðbeinandi.

Pro railing Ísland ber ekki ábyrgð á vinnu þriðja aðila þó svo Pro railing Ísland hafi bent á aðila sem geta tekið að sér ísetningu eða uppsetningu.

## **Lög og varnarþing**

Skilmálar þessir og samningar Pro Railing Ísland ehf við viðskiptavini falla undir íslensk lög. Allur ágreiningur og/eða kröfur á grundvelli skilmála þessara eða samninga Pro Railing Ísland við viðskiptavini skal leysa úr fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.